

Janúar 2017

Uglulagið

Það var gömul ugla með oddhvasst nef,
tvö lítil eyru og átta litlar klær.
Hún sat upp' í tré og svo komst þú.
Þá flaug hún í burtu og sagði: „ú, ú, ú.“

Við erum góð

Við erum góð, góð hvert við annað.
Stríðum ekki eða meiðum neinn.
::Þegar við grátum, huggar okkur einhver,
þerrar tár og klappar okkar kinn::

Gráðug kerling

Gráðug kerling
hitaði sér vellings
og borðaði, namm, namm, namm,
síðan sjálf, jamm, jamm, jamm,
af honum heilan helling.

Svangur karlinn
varð alveg dolfallinn
og starði svo, sko, sko, sko,
heilan dag, o, ho, ho,
ofan í tóman dallinn,
aumingja karlinn.

Óli fór til Bertu

Óli fór til Bertu bakarísteru
og það hana að kyssa sig.
Þá sagði Berta bakarísteru:
Bara' ef þú elskar mig.

Þá sagði Óli, sem alltaf var á hjóli:
Berta ég elska þig.
Þá sagði Berta bakarísteru:
Þá máttu kyssa mig.

Mér er kalt á tánum

Mér er kalt á tánum
ég segi það satt.
Ég er skólaus og skjálfandi
og hef engan hatt.

Það snjóaði í morgun,
það snjóaði í dag.
Ég er hreint alveg ráðalaus,
en hvað um það?

Ég syng mína vísu
um snjóinn og mig,
tra, ra, la, la, la, la, la, la,
um snjóinn og mig.

Ég sendi þér fingurkoss

.,: Ég sendi þér fingurkoss .,: (fingurkoss
blásinn)
því við erum allra bestu
bestu, bestu, vinir, vinir
allra bestu, bestu, bestu vinir.

.,: Ég vinka og veifa þér .,: (höndum veifað)
því við erum allra bestu
bestu bestu vinir vinir
allra bestu, bestu, bestu vinir.

Ég brosi breitt til þín (ýkt brosi)
því þú ert gleði mín
því við erum allra bestu
bestu bestu vinir vinir
allra bestu, bestu, bestu vinir.

Við leiðumst hönd í hönd (leiðast hönd í hönd)
bundin í kærleikans bönd
því við erum allra bestu
bestu bestu vinir vinir
allra bestu, bestu, bestu vinir.

Við erum vinir

Við erum vinir, við erum vinir,
ég og þú, ég og þú.

Leikum okkur saman,
leikum okkur saman,
ég og þú, ég og þú.